



Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps

## Fundargerð

Fundur nr. 287 í Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps haldinn mánudaginn 18. janúar 2021 kl. 17:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík.

Fundinn sátu ásamt undirrituðu nefndarfólki, Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri Mýrdalshrepps og George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi Mýrdalshrepps.

### Dagskrá fundarins:

#### I. Skipulagsmál:

##### 1. Austurhluti Víkur – Breyting á aðalskipulagi

Lögð er fram til samþykktar tillaga um breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028. Breytingin á aðalskipulaginu í austurhluta Víkur er margþættu og fellst í eftirfarandi: stækkun íbúðarsvæðis ÍS7 til austurs, legu afleggjara af Austurvegi, breytt notkun á athafnasvæði A1, breytt notkun á hluta Iðnaðarsvæðis I1 og stækkun I2, breytt notkun hluta Verslunar- og þjónustusvæðis V36 í nýtt íbúðarsvæði ÍS8 og breyttir skilmálar fyrir V35.

Skipulagið var auglýst frá 18. nóvember 2020 til og með 30. desember 2020 og bárust engar athugasemdir en umsagnir frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands og Vegagerðinni.

*Skipulagsnefnd samþykkir tillögu um breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps að teknu tilliti til ofangreindra umsagna.*

*Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.*

##### 2. Austurhluti Víkur – Deiliskipulagstillaga

Lögð er fram til samþykktar tillaga á deiliskipulagi fyrir austurhluta Víkur.

Skipulagið var auglýst frá 18. nóvember 2020 til og með 30. desember 2020 og bárust engar athugasemdir en umsagnir frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Veðurstofu Íslands og Vegagerðinni.

*Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna að teknu tilliti til framangreindra umsagna. Eftir auglýsingu voru byggingarreitir við Smiðjuveg 12, 16, 18b til 28b í samræmi við umsögn Vegagerðarinnar. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.*

##### 3. Norður-Garður 3 – Breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag

Lögð er fram til samþykktar lýsing á breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag fyrir jörðina Norður-Garð 3.

*Skipulagsnefnd samþykkir að auglýsa lýsingu á breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi í samræmi við 30. gr. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að óska umsagnar.*

##### 4. Útivistarsvæði og smávirkjun á Syngjanda - Deiliskipulagstillaga

Lögð er fram til samþykktar lýsing fyrir nýtt deiliskipulag á útivistarsvæði og smávirkjun á Syngjanda í Vík í Mýrdal.

*Skipulagsnefnd samþykkir að senda deiliskipulagslýsingu til auglýsingar í samræmi við 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að óska umsagnar.*

##### 5. Iðnaðarsvæði í landi Fagradals og Víkur – Breyting á aðalskipulagi

Lagt fram til umræðu svar Skipulagsstofnunar vegna tillögu um breytingu á aðalskipulagi vegna efnistöku- og iðnaðarsvæði í landi Fagradals og Víkur.

*Skipulagsnefnd telur að ekki hafi verið brugðist við athugasemdum og sameiginlegum skilningi frá fundi með fulltrúm Mýrdalshrepps og hagaðilum þann 13. janúar sl. Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins og felur skipulagsfulltrúa að fylgja málinu áfram.*

**6. Frestur varðandi beiðni um breytingar aðalskipulagi Mýrdalshrepps.**

Lögð er fram tillaga um að frestur til að leggja fram breytingatillögu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 verði til 1. mars 2021. Beiðnirnar sem berast eftir það verða hluti af yfirstandandi endurskoðun aðalskipulags.

*Skipulagsnefnd samþykktir að heimila ekki frekari breytingar á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012 – 2028 frá og með 1. mars. Ástæða fyrir því er að vinna við endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins er hafin og fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi yrðu þá teknar til skoðunar inn í þá vinnu.*

**7. Mýrarbraut 11 – Umsókn um byggingarleyfi.**

Roman og Zaklin Janik sækja um byggingarleyfi fyrir einbýlishús á tveimur hæðum við Mýrarbraut 11, í samræmi við framlögð gögn.

*Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að setja málið í grenndarkynningu skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**8. Mýrarbraut 14 og Mýrarbraut 16 – Beiðni um breytingar á skilmálum lóðar**


Ingvar Jóhannesson sækir um leyfi um sameiningu lóða og breytingu á byggingarétti fyrir lóðirnar Mýrarbraut 14 og Mýrarbraut 16 til að byggja á þeim raðhúsum með 4 íbúðum í samræmi við gögnin.

*Skipulagsnefnd samþykkir að sameina lóðirnar. Skipulagsnefnd fer fram á afstöðumynd í mkv. 1:500 eða öðrum læsilegum mælikvarða sem sýnir umrædda framkvæmd í amk. 30 m. fjarlægð frá framkvæmdinni. Skipulagsnefnd felur Skipulagsfulltrúa að vinna þetta áfram með umsækjendum.*


Fundi slitið klukkan 18:50




Drífa Bjarnadóttir



Guðrún Hildur Kolbeins




Óðinn Gíslason



Kristján Þórðarson



George Frumuselu



Jónas Erlendsson